

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústs dóttir.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag við Vogabraut í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 13. júní 2001 samþykkt deiliskipulag á nýju iðnaðarsvæði við Vogabraut í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 29. júní 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

1. gr.

Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar	6.700 kr.
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	4.300 kr.
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	1.400 kr.

2. gr.

Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

Fyrir próf til A-réttinda	23.000 kr.
Fyrir próf til B-réttinda	23.000 kr.
Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun)	11.500 kr.
Fyrir önnur próf	7.500 kr.
Fyrir endurtökupróf	7.500 kr.